



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2005

Tilvísun: UST20050900037/sf

### Breyting á starfsemi Íslandslax hf að Núpum, Ölfusi. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 7. september sl., þar sem óskað er áhlits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

#### Framkvæmdalýsing

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að fyrirhugað er að breyta framleiðslu seiðaeldisstöðvarinnar að Núpum úr 100 tonnum af laxaseiðum í 100 tonn af laxaseiðum og 50 tonnum af bleikjuseiðum á ári. Í tilkynningunni er bent á að engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar vegna þessarar breytingar og að eini rekstrarþátturinn sem geti valdið umhverfisáhrifum sé frárennslisvatn frá stöðinni. Allt frárennslisvatn sé hreinsað með tromlufilter með 100 míkróna dúk. Útilokað sé að seiði sleppi út úr stöðinni vegna tromlufiltersins.

#### Staðsetning

Frárennslisvatn frá seiðaeldisstöðinni að Núpum rennur í Þorleifslæk og berst síðan í Varmá og þar með einnig í Ölfusá, en veiði er í báðum ánum. Varmá er jafnframt á náttúruminjasrá (svæði nr. 751, *Varmá og Ölfusforir*) en í skránni er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

*Varmá og Ölfusforir, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Varmá frá upptökum ásamt Ölfusforum. Mörk svæðisins að vestan fylgja túnjöðrum frá Varmá að Hrauni ásamt Þurárhrauni. Að austan frá Varmá að Gljúfurá og suður með túnjöðrum að Ölfusá ásamt Arnarbæliseyjum, þaðan í vestur að Hrauni. (2) Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi.*

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að þess verði gætt við allar framkvæmdir að lífríki árinna verði ekki raskað. Benda má á að í drögum að tillögu að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017 koma fram markmið um að stuðla að verndun lífríkis og sérstöðu Varmár og að stuðlað verði að Varmá sem ákjósanlegri sjóbirtingsá fyrir sportveiði. Aðalskipulagstillagan hefur þó ekki verið formlega auglýst.

Samkvæmt 8. gr reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðarinnar og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni, til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr. Varmá hefur ekki verið flokkuð samkvæmt ákvæðum framangreindrar reglugerðar og liggja ekki fyrir upplýsingar um ástand árinna eða hver þolmörk hennar eru.

Umhverfisstofnun bendir á jafnframt á að auk frárennslis frá eldi Íslandslax berst frárennslis frá tveimur öðrum fiskeldisfyrirtækjum í ána og jafnframt frárennslis frá skolphreinsistöð Hveragerðisbæjar. Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að meta hvert sé heildar mengunarálag á lífríki árinna.

### Hreinsun frárennslis

Eftirfarandi niðurstöður fengust úr mælingum á frárennslis fyrirtækisins sem gerðar voru árin 2004 og 2005:

Staður	Ár	mg/l				
		COD	TOC	Tot N	Tot P	SS
Frá kerjum (setþró)	2004	<10	2,03	1,4	0,09	6,0
“	2005	21		1,79	0,28	6,0
Frá tromlu	2004	<10	1,64	1,12	0,09	9,7
“	2005	9		1,8	0,27	5,1
Viðtaki	2004	<10		0,84	0,03	7,8

Ofangreindar tölur umreiknaðar í losun á tonn framleitt gefa:

Staður	Ár	kg/tonn framleitt				
		COD	TOC	Tot N	Tot P	SS
Frá kerjum (setþró)	2004		166	115	13	284
“	2005	993		85	7	492
Frá tromlu	2004		134	92	13	241
“	2005	426		85	7	795

Samkvæmt ofangreindu er losun fyrirtækisins yfir mörkum starfsleyfisins í báðum tilfellum (2004, 2005) fyrir tot N (60 kg/t) og í öðru tilfallinu fyrir tot P (7 kg/t).

BAT-skýrslan<sup>1</sup> skilgreinir bestu fánlegu tækni til hreinsunar á frárennslisvatni. Þ.á.m. er “mekanísk” sía (tromlusía) og m.v. 40-80  $\mu$ m síudúk hreinsar hún 67 % fastra efna. Samkvæmt mælingum sem gerðar hafa verið, sbr. töflu hér að ofan, er hreinsivirkni tromlusíu aðeins 20 %. Hins vegar hreinsar hún ekki uppleyst köfnunarefnis- og fosfórsambönd. Til þess þarf frekari hreinsun sem t.d. felst í fellingunni í “denitrifications”-búnaði og fosfór-fellingarbúnaði.

<sup>1</sup> Beste tilgjengelige teknikker for fiskeoppdrett i Norden. TemaNord 2005:528.



### Viðmiðunarmörk umhverfis

Í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, fylgiskjali C, eru skilgreind umhverfismörk fyrir næringarefni í ám. Samkvæmt mælingum sem gerðar voru í viðtaka árið 2004 flokkast viðtakinn í flokk II (lágt næringarefnagildi) fyrir COD (<10/3-10) og fosfór (0,03/<0,04) en í flokk III (næringarefnaríkt) fyrir köfnunarefni (0,84/0,75-1,5). Sýni voru tekin fyrir neðan frárennslis stöðvarinnar.

Þar sem ekki liggur fyrir flokkun vatns samkvæmt gr. 9.1 í framangreindri reglugerð í ástandsflokk A-E er erfitt að meta áhrif frárennslisins á vatnasvæðið (Varmá/Þorleifslækur).

### Athugasemdir við greinargerð Íslandslax

Útreikningar á losun samkvæmt mælingum fyrir árið 2004 eru ekki í samræmi við uppgæfna tölur. Tafla 5 sem sýnir niðurstöður greininga er rétt en ekki afleiddar tölur sem sýndar eru í töflum 6 og 7. Þær tölur eru allar hærri en gefnar voru upp í eftirlitsskýrslu til fyrirtækisins frá 16. ágúst 2004. Í töflu 8 eru gefin upp losunarmörk samkvæmt starfsleyfi og er rétt með farið. Hins vegar eru tölur sem fram koma í töflu 9 vafasamar þar sem þar virðist byggt á leyfilegu magni í frárennslisvatni (N og P) annars vegar og hins vegar tölum úr reglugerð um magn COD. Sömuleiðis er samanburður á gildum í myndum 2-5 ekki marktækur, þar sem bornar eru saman tölur um magn efna í frárennslisvatni annars vegar og viðtaka hins vegar.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að ekki liggi fyrir nægjanlegar upplýsingar til að meta hugsanleg umhverfisáhrif fyrirhugaðrar breytingar á starfsemi Íslandslax, sbr. eftirfarandi:

- Ekki liggur fyrir hver hreinsigeta hreinsibúnaður verður. Samkvæmt mælingum nær núverandi búnaður ekki nægilegri hreinsigetu til að uppfylla ákvæði starfsleyfis. Því þarf að gera frekari grein fyrir hvernig fyrirtækið ætlar að ná að uppfylla kröfur þess.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um flokkun vatnasvæðisins og því erfitt á grundvelli losunartalna að meta áhrif á lífríkið.
- Villur eru í útreikningum um heildarlosun. Einnig er ruglað saman kröfum um magn efna í frárennslisvatni og því sem er ásætlanlegt í viðtaka.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Friðriksdóttir  
Þagsviðsstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður